



FRAMTÍÐIN OG ÍSLENSKAR HAFNIR

Nóvember 2025

Nóvember 2025

Framtíðin og íslenskar hafnir

Samantekt þessi byggir á niðurstöðum vinnustofu Hafnasambands Íslands sem haldin var í Ólafsvík í október 2025. Markmið vinnustofunnar var að draga saman helstu áskoranir og tækifæri íslenskra hafna á næstu árum og áratugum. Hafa ber í huga að þær skoðanir, sem hér birtast endurspegla ekki endilega stefnu Hafnasambands Íslands og eiga fremur að skoðast sem samantekt af hugflæðisfundi stórs hóps fólks sem starfar í tengslum við hafnastarfsemi á Íslandi.





Formáli frá formanni Hafnasambands Íslands

Í nýlegri úttekt sem unnin var fyrir Hafnasamband Íslands kemur m.a. fram að hafnasjóðir fjárfestu fyrir samtals nærri 27 milljarða á árunum 2020-2024. Í úttektinni kemur einnig fram að fjárfestingaþörf vegna viðhalds og nýframkvæmda til ársins 2030 er metin um 40,7 milljarðar króna. Ef horft er til næstu 15 ára, áætla hafnasjóðir á Íslandi að fjárfestingaþörf þeirra sé allt að 97 milljarðar.

Þetta eru stórar tölur sem endurspeglar bæði mikla viðhaldsþörf eldri mannvirkja og umtalsverðar nýframkvæmdir til að bregðast við nýjum verkefnum í hafnaþjónustu.

Margþætt tæknibylting boðar breyttan veruleika hjá höfnunum. Stórfelld orkuskipti eru í farvatninu, nýjungar í atvinnulífi kalla á breytingar í hafnastarfsemi – stóraukin umferð farþegaskipa gerir kröfu um bættan hafnaaðstöðu og endurskoðun á öryggismálum í siglingum við landið og viðsjárverðir tímar í heimsmálum munu hafa bein áhrif á starfsemi hafnanna og þeirra þjónustu hér á norðurslóðum.

Hafnasambandið hefur fengið Sjávarklasann til samstarfs um að vinna samantekt um þessa þróun og þá framtíðarsýn sem blasir við. Við höfum leitað álits hjá þeim sem best þekkja í starfsemi og rekstri hafna vítt og breytt um landið og munum eiga frekara samtal við hagaðila í sjávarútvegi, flutningageiranum, stjórnsýslunni og þeirra sem sinna öryggis- eftirlitsmálum í höfnum og á hafinu umhverfis landið.

Það er mikilvægt að allir sem koma að ákvörðunartöku um hafnamál, samgöngur, sjávarútveg og öryggi þjóðarinnar séu upplýstir um hvert stefnir og hvaða framtíðarsýn blasir við. Hver staða og hlutverk hafnanna verður á allra næstu árum og í næstu framtíð.

Hafnasamband Íslands vill skapa opna umræðu og sýn á það hvernig við getum:

- Eftir hafnir sem þjónustumiðstöðvar fyrir sjávarútveg.
- Mætt nýjum verkefnum í hafnaþjónustu vegna fiskeldis, farmflutninga og annarrar nýsköpunar.
- Styrkt enn frekar stöðu hafna sem mikilvægs hlekks í samgöngum á Íslandi.
- Horft til nýrra verkefna í iðnaði og framleiðslu til útflutnings.
- Þróað hafnir sem orkumiðstöðvar um allt land.
- Gert hafnir að mikilvægum hlekk í umhverfisstefnu samfélagsins.
- Staðið vörð um strandsiglingar og mikilvægi farþegaskipa þjónustu.
- Tryggt aðstöðu í höfnum fyrir öryggi og eftirlit á norðurhöfum.
- Bætt opinbera stjórnsýslu og skipulag framkvæmda á hafnasvæðum.

Þetta eru þau verkefni sem Hafnasamband Íslands horfir til í sinni framtíðarsýn.

Lúðvík Geirsson
Formaður Hafnasambands Íslands



Efnisyfirlit

Framtíðin og íslenskar hafnir	3
Formáli frá formanni Hafnasambands Íslands.....	5
Breytingar í umhverfi hafna.....	8
10 STEF Í FRAMTÍÐARSÝN ÍSLENSKRA HAFNA.....	11
Höfnin sem lífæð	11
Samvinna	11
Höfnin sem orkumiðstöð.....	11
Gullhúðun og hafnir	12
Höfnin sem þróunarfélag	12
Örugg höfn	12
Markaðs- og sölustarf hafna	12
Snjallvæðing hafna	13
Tækifæri á norðurslóðum	13
Fegrun hafnasvæða	13



Breytingar í umhverfi hafna

Flutningar á norðurslóðum

Rannsóknir benda til þess að skipaumferð á norðurskautssvæðinu aukist um að allt að helming til ársins 2050. Fyrir Ísland þýðir þetta mögulega umtalsvert aukna skipaumferð og aukna þörf erlendra skipa fyrir þjónustu íslenskra hafna. Þetta getur leitt til nýrra tækifæra fyrir hafnir en um leið gert miklar kröfur til innviða, öryggis og umhverfis- og skipulagsmála.

Vaxandi útflutningsgreinar

Atvinnugreinar, sem byggja á útflutningi vöru, munu vaxa umtalsvert á komandi árum. Miðað við spár eldisfyrirtækja gæti útflutningur á sjávarafurðum aukist um hundruðir þúsunda tonna á næstu 10-15 árum. Þá gæti útflutningur í tengslum við olíu- og námuvinnslu og margvíslega framleiðslu minni og stærri iðnfyrirtækja, sem nýta sér gæði landsins, aukist umtalsvert. Íslenskar hafnir þurfa að búa sig undir þessar áskoranir.

Auknar áskoranir í umhverfismálum

Sjávarstaða á jörðinni hækkar vegna hlýnunar jarðar. Þetta hefur það í för með sér að sjóvarnir verða stöðugt brýnna verkefni fyrir íslenskar hafnir.

Kröfur um grænni hafnir hafa aukist og munu aukast verulega. Orkuskipti í höfnum kalla á miklar fjárfestingar og víðtækt samstarf hafna við orkufyrirtæki, atvinnulíf og stjórnvöld.

Brúa bilið

Bróðurpartur Íslendinga býr í námunda við höfn og spila hafnir því stórt hlutverk í lífi og starfi landsmanna. Þessi staðreynd vill stundum gleymast. Á næstu árum og áratugum munu hafnir þurfa að sameina markmið um að vera kröftug atvinnu- og þróunarsvæði annars vegar og hinsvegar spennandi og aðlaðandi almannarými. Hafnir þurfa að brúa þetta bil; að efla bæði samkeppnishæfni landsins og vera partur af samfélagi sem hefur litið á höfnina og „hafnarrúntinn“ sem part af lífsgæðum.



10 STEF Í FRAMTÍÐARSÝN ÍSLENSKRA HAFNA

1 Höfnin sem lífæð

Íslenskar hafnir hafa lengi verið lífæð fyrir íslenskan sjávarútveg og atvinnulíf í heild. Um leið býr bróðurpartur Íslendinga í nánd við höfn. Hafnir eru þannig oft taldar svo sjálfsagðar að þær verða líkt og gömul mubla á heimilum sem á það til að gleymast. Á þessu þarf að verða breyting ef takast á að nútímavæða þessa mikilvægu starfsemi, bæta samkeppnisstöðu landsins og á sama tíma að undirbúa frekari nýtingu á hreinum orkugjöfum. Hafnir þurfa að auka samstarf sín á milli til þess að auka áhuga og skilning á hlutverki þeirra í samfélaginu.

2 Samvinna

Þverfagleg samvinna um þróun og uppbyggingu hafna og skýr stjórnsýsla í tengslum við hafnamál, eflir samkeppnishæfni Íslands. Sameining sveitarfélaga, hafnasamlög og samvinna sjálfstæðra hafna hafa stuðlað að hagræðingu í rekstri hafna og oft á tíðum eflt minni hafnir á svæðum. Stærsti ávinningur aukins samruna og samvinnu hafna er án efa að tekjustraumum fjölgar og þannig eru stóðir starfseminnar eflar. Skoða þarf árangur af samruna og samstarfi á undanförunum árum og hvernig nýta megi þá reynslu til að efla enn frekar samvinnu af þessu tagi þannig að bæði stærri sem og minni hafnir njóti góðs af.

3 Höfnin sem orkumiðstöð

Við orkuskipti skipaflotans verður til umtalsverð eftirspurn eftir grænni orku og þá orku þarf oft að bjóða í miklu magni á skömmum tíma. Þannig geta lagst að bryggju skemmtiferðaskip með íbúafjölda á við meðalstór sveitarfélög á Íslandi. Í þessu felast miklar áskoranir og umtalsverðar fjárfestingar. Í ljósi þessa umfangs er eðlilegt að hugsa hafnir sem orkumiðstöðvar, ekki einungis fyrir erlend skemmtiferðaskip, heldur einnig fyrir aðra flutningastarfsemi eins og land- og strandflutninga, sjávarútveg og fleira.

4 Gullhúðun og hafnir

Eins og í öðrum greinum íslensks atvinnulífs hefur aukin skriffinnska og flókið regluverk þyngt umtalsvert þróunarstarf í hafna. Stækkun hafnasvæða er oft mikilvægt tæki hafna til að laða til sín hafnsækinn iðnað og þjónustu. Slíkar framkvæmdir hafa reynst afar tímafrekar vegna mikils og flókins regluverks. Óþarfa tafir hafa þannig dregið úr samkeppnishæfni landsins. Efla þarf faglega þekkingu um hafnamál innan stjórnsýslunar og samtala hafna annars vegar og ýmissa eftirlitsaðila hins vegar. Með því má auka skilning á þeirri mikilvægu starfsemi sem hafnir sinna í uppbyggingu atvinnurekstrar á Íslandi.

5 Höfnin sem þróunarfélag

Hafnir hafa gegnt afar mikilvægu hlutverki í þjónustu við sjávarútveg og munu gera það áfram. En með aukinni fjölbreytni í íslensku atvinnulífi kemur vaxandi eftirspurn eftir þjónustu hafna og aðstöðu fyrir fyrirtæki og nýsköpun. Þannig helst í hendur grunn hafnastarfsemi annars vegar og atvinnustarfsemi í nágrenni hafna hins vegar. Hafnir þurfa þannig í vaxandi mæli að verða eins konar þróunarfélög sem bjóða heilstæðar lausnir; athafnasvæði, góðar samgöngutengingar og fjölbreytta þjónustu. Þessi þróun þarf að eiga sér stað í nánú samstarfi við sveitarstjórnir.

6 Örugg höfn

Vegna breytinga í loftslagsmálum þurfa hafnir að búa sig undir hærri sjávarstöðu og meiri sveiflur í veðurfari. Brimvarnargarðar eru mikilvæg verkefni hafna á komandi árum.

Með vaxandi eftirspurn eftir þjónustu hafna fylgir sú ábyrgð að tryggja aukið öryggi allra þeirra hagaðila sem nýta hafnir. Um leið er vilji til þess að hafnir taki vel á móti gestum, hvort sem um er að ræða erlenda ferðamenn eða Íslendinga á „hafnarrúnti“. Í þessu felst umtalsverð áskorun fyrir hafnir um hvernig megja bæta öryggi án þess að skerða aðgengi um of. Hafnir þurfa að aðgreina með skýrum hætti annars vegar þau svæði sem eru fyrst og fremst hugsuð sem athafnasvæði og hins vegar þau svæði sem eru aðgengileg almenningi.

7 Markaðs- og sölustarf hafna

Margar hafnir hafa notið uppskeru af áralöngu markaðsstarfi, meðal annars í tengslum við skemmtiferðaskip. Vara þarf við þeirri þróun að stjórnvöld geti upp á sitt einsdæmi og með einu pennastriki sett þessi viðskipti í uppnám. Ákvarðanir af þessu tagi þurfa að vera teknar eftir gagngera skoðun á mögulegum afleiðingum og í nánú samstarfi við innlenda hagaðila.

Hafnir eiga að nýta sér þá reynslu sem þær hafa aflað sér í markaðssetningu í tengslum við ferðaþjónustu til að laða að fyrirtæki og frumkvöðla í öðrum atvinnugreinum. Þannig geta þær skapað sér sterkari samkeppnisstöðu alþjóðlega þegar kemur að ákvörðunum fyrirtækja um staðsetningu starfsemi sinnar hérlandis.

8 Snjallvæðing hafna

Einn afgerandi styrkur íslensks þjóðfélags er almennur áhugi á því að nýta tækni til að auka skilvirkni á sem flestum sviðum. Hafnir eru þar engin undantekning. Mikil tækifæri liggja í sjálfvirknivæðingu í rekstri og þjónustu hafna sem getur leitt til aukinnar hagræðingar og bættrar samkeppnisstöðu. Samstarf hafna í þessum efnum er mjög mikilvægt og um leið að hafnir séu vel tengdar innlendri nýsköpun.

9 Tækifæri á norðurslóðum

Á komandi árum kann mikilvægi íslenska hafnanetsins að aukast, meðal annars í ljósi óróa í heimsmálum, nýrra flutningaleiða á milli heimsálfa, vaxandi áhuga fyrir norðurslóðum og öryggi sjófarenda á því svæði. Hér liggja tækifæri fyrir íslenskar hafnir að verða öflugur þátttakandi í þessari þróun. Aukið samtal hafna annars vegar og íslenskra stjórnvalda hins vegar um þessi aðkallandi mál þarf að eiga sér stað.

10 Fegrun hafnasvæða

Mikilvægur hluti af sterkari ímynd íslenskra hafna felst í ásýnd þeirra. Hér má víða gera betur og hafnir þurfa að leggja metnað í að fegra sitt umhverfi. Þannig má gera höfnina áfram að lifandi stað fyrir íbúa, laða að fjölbreyttari starfsemi eins og nýsköpun og ferðaþjónustu um leið og skilvirkni athafnasvæðisins við höfnina þarf að vera í öndvegi.

Verulegur vöxtur í útflutningsgreinum á komandi árum, vaxandi skipaumferð um norðurslóðir og áskoranir tengdar loftslagsáhrifum gera miklar kröfur til íslenskra hafna.

Nútímalegar og öruggar íslenskar hafnir geta þjónað sífellt fjölbreyttara atvinnulífi og bætt samkeppnisstöðu Íslands.

